



## 11. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, fimmtudaginn 11. ágúst 2022.

---

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 18.15

### Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL) og Hrafn Ingvarsson (HI)

### Fjarverandi stjórnarmenn:

Reynir Ingi Árnason, Gunnar Skúli Guðjónsson

### Mættir starfsmenn:

Grétar Eggertsson (GE) framkvæmdastjóri  
Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH) íþróttastjóri

### Dagskrá:

#### 1. Framtíðarsýn á Varmárvæði 2022-2026

Farið yfir erindi sem formaður Aftureldingar sendi á Mosfellsbæ varðandi forgangsröðun á framkvæmdum að Varmá. Fundur verður á samráðsvettvangi í ágúst og þá mun skýrast betur um hvernig framvæmdir og tímalína verkefna verður.

#### 2. Stundatafla haustið 2022

Hanna Björg íþróttastjóri kynnti stundatöflu haustins. Umræða um stundatöflu og ákvað stjórn að sendur yrði póstur frá stjórn á þær deildir þar sem talið er þörf á að skerpa á verklagi við innsendingu á upplýsingum til íþróttastjóra fyrir stundatöflu haustsins. Aðalstjórn var sammála um mikilvægi þess að tímarammi við skil á upplýsingum verði að verða virtur af deildum. Stjórn var sammála um mikilvægi þess að halda áfram og hvetja til þess skörun á æfingatímum milli greina gagnvart yngstu iðkendum félagsins verði sem minnst þannig að tækifæri sé til staðar fyrir þann iðkendahóp að hafa tækifæri til að stunda og kynnast sem flestum íþróttagreinum.

#### 3. BUR knattspyrna – tillaga/kynning á ráðningu starfsmanns BUR í hlutastarf.

BUR knattspyrna sendi inn til tillögu og drög að starfslýsingu fyrir ráðningu verkefnastjóra í hlutastarf fyrir BUR. Stjórn tók umræðu um tillögur og nálganir BUR og var ákveðið að kalla eftir skýrari rekstrargögnum og rekstraráætlun um þetta starfsgildi. Framkvæmdastjóra falið að vera í sambandi við BUR varðandi næstu skref.

#### 4. Æfingargjöld – hækkanir

Erindi frá nokkrum deildum kom til stjórnar um hækkun æfingagjalda og tók stjórn fyrir beiðnir og rökstuðning þeirra deilda. Aðalstjórn gerir sér grein fyrir þörf til hækkunar á æfingargjöldum til að standa undir rekstri en beinir því jafnframt til deildanna að þær leitist ekki við að hækka æfingargjöld umfram hækkun launavísitölu, en það er ábyrgð aðalstjórnar að samkvæmt samstarfssamningi Aftureldingar við Mosfellsbæ að halda því viðmiði.



## 5. Fjárhagsstaða deilda

Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsstöðu deilda almennt og kynnti fyrir stjórn. Staða deilda er mismunandi og farið var sérstaklega í gegnum stöðu þeirra deilda þar sem, eftir mat framkvæmdastjóra, þarf að fylgjast með hvernig staðan þróast á næstu mánuðum. Umræða varð um hvernig væri hægt að auka yfirsýn og aðgengi stjórnna að lykiltölum í rekstri og horft er til nýrrar stjórnendasýnar sem væntanleg verður í notkun í haust.

## 6. Önnur mál

### a) Samningar við Jako

Framkvæmdastjóri upplýsti um stöðu á samningum við Jako og samningur lagður fram til kynningar. Aðalstjórn samþykkir samning og gengið verður til undirskriftar í framhaldinu og verður undirskriftardagur ákveðin í samstarfi við Jako. Samningur verður kynntur fyrir deildum stjórnna. Framkvæmdastjóri lagði fram tillögur um að hvernig eftirfylgni og utanumhaldi við samning skuli háttað og verður það unnið í samráði við Jako og deildirnar.

### b) Persónuverndarstefna

Framkvæmdastjóri kynnti tillögur að verklagi við gerð og innleiðingu persónuverndarstefnu félagsins. Stjórn samþykkti tillögurnar.

### c) Stjórnendasýn í BC

Unnið hefur verið, í samstarfi við Sessor, að stjórnendasýn í BC og kynnti framkvæmdastjóri fyrir stjórn stöðuna á því verkefni. Uppfærsla verður gerð á næstu dögum og í framhaldinu á að vera hægt að hefja kynningu, kennslu og innleiðingu á þessu verkefni. Valdar verða nokkrar deildir í upphafi til að vera í innleiðingu og stefnt er á að fyrstu aðilar verði komnir með þessa sýn í byrjun september í notkun.

### d) Búningsherbergi

Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna á nýjum búningsherbergjum sem verða staðsett þar sem eldri útiklefar eru í dag. Samkvæmt upplýsingum frá Mosfellsbæ að þá eru húsin væntanleg til landsins um miðjan ágúst og verða eldri gámar fjarlægðir í næstu viku og vinna við undirlag hefst þá strax í kjölfarið. Teikningar lagðar fyrir aðalstjórn af nýjum klefum og eru vonir bundnar við að þeir munu leysa mjög svo aðkallandi búningsherbergjavandamál félagsins að hluta.

### e) Umsókn um Covid-19 styrk

Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna á umsóknum deilda. Umsóknarferli lýkur 16. ágúst og mun framkvæmdastjóri senda hvatningu til deilda að þær sem ætla að skila af sér geri það sem allra fyrst þar sem það þarf samþykki og undirskrift stjórnar með umsókn.

### f) Trúnaðarlæknir/læknir félagsins

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um að vinna væri hafin í að finna trúnaðarlækni/lækni félagsins og eiga þau mál að skýrast fljótlega



**g) Sumarfrí starfsmanna**

Umræða og afgreitt frá stjórn.

**h) Stjórnarhættir í þriðja geiranum**

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn námskeið um stjórnarhætti í þriðja geiranum.

Það verður kynnt fyrir stjórnnum deilda í framhaldinu og aðilar sem hafa áhuga á þessu námskeiði hvattir til að kynna sér það betur.

**Fundi slitið kl. 21:25**

Grétar Eggertsson ritaði fundargerð.